

Stjórnarfundur FASK

12 fundur. 29. Apríl 2021 kl 9:15

Mættir: Haukur Ingi Einarsson, Laufey Guðmundsdóttir, Ágúst Elvarsson, Sigrún Sigurgeirsdóttir (Vék af fundi kl 10:00) Bergþóra Ágústsdóttir (kom inn á fundinn 9:40)

Dagskrá:

1. Síðasta fundargerð 29. Apríl:

Farið var yfir málefni síðasta fundar sem haldin var í lok apríl. Eftirfarandi mál voru rædd og samþykkt að setja inn á næsta fund stjórnarinnar í janúar 2022 og mikilvægi þess að forgangsraða verkefnum.

- Málefni upplýsingamiðstöðva – Fyrirkomulag of framtíðarsýn - og mikilvægi þess að tryggja tilvist þeirra á félagssvæðinu.
- Vörumerkjaþróun – Samráð við Ríki Vatnajökuls
- Námskeið – Hugmynd að nýju námskeiði eftir áramót – Eitthvað sem styrkir rekstraraðila við uppbyggingu sjálfbærrar ferðaþjónust, t.d vinnu námskeið við innleiðingu á Heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna.
- Fundaráætlun stjórnar FASK fyrir starfsárið 2022
- Undirbúningur aðalfundar vor 2022

Málum sem var frestað vegna þess að þau eru á vinnslustigum í stjórnsýslunni eða vegna annarra þátta.

- Vakinn og/eða annar valkostur
- Úthlutunarreglur fyrir atvinnuleyfum innan VJP
- Erindi frá Einari Kristjánssyni vegna íshella.

Undir þessum lið var einnig rætt um að setja upp samráðsgáttar möguleika á heimasíðu FASK þar sem félagsmenn geta komið með ábendingar sem styrkt geta grunnstoðir ferðaþjónustu á starfssvæðinu. Til að mynda málefni skilta í Sveitarfélaginu og mikilvægi þess að upplýsingar séu ávallt réttar og að skilti séu snyrtileg. Einnig var rætt um mikilvægi þess að nýta næstu mánuði fram að sveitarstjórnar kosningum til að kynna mikilvægustu málefni ferðaþjónustunnar og hafa þannig jákvæð áhrif á þróun ferðaþjónustunnar í heimabyggð.

2. Upplýsingar um stöf Markaðsstofu Suðurlands og Stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs
Ágúst gerði grein fyrir helstu störfum stjórnar VJP, m.a að verið væri að bíða eftir að stjórn fái að hitta nýskipaðan ráðherra Guðlaug Þór Júlíusson. Að öðru leiri var um hefðbundin stjórnarstörf að ræða svo sem vinna með rekstraráætlun, verndaráætlun, þolmarkarannsóknir of.l sambærilegt. Að störfum Markaðsstofunnar var það að fréttu af breytingum í stjórn félagsins.

3. Upplýsingar um störf svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs

Laufey upplýsti um helstu störf svæðisráðsins, verið væri að sinna hefðbundnum störfum svo sem deiliskipulags í Skaftafelli, við Jökulsárlón, Þolmarkarannsóknir á Breiðamerkursandi o.fl. sambærilegt ásamt rekstraráætlun fyrir starfsárið 2022.

Undir lið 2 og 3 var rætt um hversu mikilvægt það er fyrir FASK að ná að koma á jákvæðum og uppbyggilegum samræðum/samstarfi við stjórnvöld til að tryggja sjálfbæra þróun ferðamála á svæðinu, rödd hagsmunasamtaka heimaaðila væri lykilatriði í þeim efnum.

4. Innheimta félagsgjalda fyrir árið 2021

Bergþóru og Hauki falið að gera opinberlega grein fyrir innheimtu félagsgjalda fyrir árið 2021 með grein og birtingu á Facebook síðu félagsins ásamt því að útfæra innheimtuna sjálfa til félagsmanna. Samþykkt að setja valgreiðslur í heimabanka mögulegra félagsmanna, árgjaldið í ár er 12.500.- fyrir fyrirtæki og árgjaldið fyrir einstaklinga er 6.725.-

5. Fundur með SVH og Ríki Vatnajökuls 30 nóv 2021

Haukur gerði grein fyrir helstu málefnum fundar milli SVH, RV og FASK. Þar kom fram að SVH hafi fengið veglega styrki til að byggja upp gönguleiðir á svæðinu og endurnýja innviði sem fóru til spillis í miklum rigningum haustið 2017. Gönguleiðir sem m.a er unnið að er á milli Svínafells í Örafum og að Skaftafelli ásamt því að endurgera brú yfir Hólmsá. Einnig kom fram að í undirbúning væri að hanna og tryggja stýringu á gönguleið upp að Múlagljúfri. Fram kom að framundan væru ferðakaupstefnur, Mannamót og Mid Atlantic. Ráðstefnurnar eru eftur áramót og félagsmenn hvattir til að fara á viðburðina eða tryggja að fulltrúar þeirra svo sem RV, SVH eða Markaðsstofa Suðurlands miðli þeirra markaðsefni á ráðstefnunum.

Einnig var rætt um að reyna koma á sameiginlegum fundi milli ný skipaðs Ráðherra ferðamála og SVH, RV og FASK á nýju ári þar sem farið væri yfir sameiginlegt hagsmunamál allra aðila, svo sem Vörðuverkefnið, Auknir styrkir til kvikmyndaframleiðslu, uppbygging innviða o.fl. sambærilegt, Hauki falið að ræða við hagsmunaaðila og móta mögulega dagskrá.

6. Önnur mál

Rætt var um að koma gönguleiðabæklingum sem FASK á inn á heimasíðu félagsins og hafa aðgengilega þar.

Fundi slitið: 11:50